

mætti ekkert annað gera en dæma um þær ritgjörðir, sem henni væru sendar.

Prófessorinn neitaði því, með öðrum orðum, skýlaust, að nokkuru sinni gæti verið ástæða til þess að vekja athygli þjóðarinnar í tímariti á nokkorum málum öðrum fremur; að nokkuru sinni geti verið skynsamlegt að ræða fremur eitt efni en annað, og að sanngjarnt sé að afstýra því, að heilir árgangar af alþýðulegu tímariti séu fylltir efni, sem langflestir kaupendur þess hafa nokkura áhægu eða gagn af.

Mikilvæðar og vandlega hugsaðar eru þær leiðbeiningar, sem vér Íslendingar fáum hjá sumum þeim mentamönnum vorum, sem mesta vísindavirðing hafa hlotið!

EKKI er furða, þó að vér höfum ríka tilfinning fyrir þeim notum, er vér höfum af lærdómi þeirra og vitsmunum!

Með gufusk. Botniú, sem kom aftur í gær af Vestfjörðum, kom aftur skólástjóri Jón Þórarinnsson.

Maður druknaði af Botniú á leiðinni að vestan, datt úthyrðis, bróðir Sighvats Bjarnasonar bankabókara, Þorbjörn Bjarnason.

Mokaffi við Isafjarðardjúp enn sem fyr í sumar.

Presthólamálið. Tilrauniani til málamíðunar með Nýpsveitingum og fyrv. sálmabirði þeirra, síra Halldóri Bjarnarsyni, svo að hann geti komist að braudinu aftur, lauk svo á þar til kvöldum fundum nú um Jónsmessuleytið, sem settur prófastur stýrði, að Presthólasöfnuður afsegir hann nær einum rómi, en Ásmundarstaðasöfnuður óskar mestallur prestspjónustu hans; vill þá ganga aftur í þjóðkirkjuna; en — hinn, Presthólasöfnuður, jafnráðinn í að ganga þá úr henni.

Vedurathuganir

í Reykjavík, eftir aðjunkt Björn Jónsson.

1901 júlí	Lofvog millim.	Hiti (C.)	Ált	Væðing	Skýrnun	Urkoma millim.	Minstur hiti (C.)
Ld. 6. 8	754,5	9,8	E	2	9	1,9	7,5
	2 752,9	13,5	s	2	10		
	9 752,6	10,5	s	1	10		
Sd. 7. 8	751,8	12,1	s	1	10	0,1	9,0
	2 749,9	12,8	SE	1	10		
	9 744,4	11,7	s	1	10		
Md. 8. 8	748,5	10,2	sw	2	10	11,3	9,0
	2 754,3	12,8	sw	2	10		
	9 757,4	8,8	s	1	9		
Pd. 9. 8	759,5	9,3	0	9	0,8	6,9	
	2 760,1	11,6	ssw	1	10		
	9 760,0	9,6	s	1	10		

I heljar greipum.

Frh.

»Segið þér honum, að vér Frakkar teljum öll trúarbrögð jafngöð.»

»Foringinn segir, að enginn nema guðlasthundur og hundssonur mundi láta sér þau orð um munn fara, að öll trúarbrögð séu jafngöð. Hann segir, að ef þér séuð í raun og veru vinur kalfans, þá veitið þér kóraninum viðtöku og verðið sannur Múhameðstrúarmaður tafarlaust. Ef þér gerið það, þá lofar hann fyrir sitt leyti að koma yður lifandi til Khartúm.»

»Og ef eg geri það ekki?»

»Þá verður farið með yður eins og hina.»

»Þá getið þér skilað kveðju minni til foringjans og sagt honum, að Frakkar séu ekki vanir að láta neyða sig til þess að skifta um trúarbrögð.»

Foringinn sagði nokkur orð, sneri sér svo við og ráðfærði sig við þrekvasinn Araba, sem stóð við hlið hans.

»Hann segir, hr. Fardets, mælti túlkurinn, »að ef þér lákið upp munn frammar, þá muni hann fara svo með yður, að hundarnir eti yður á eftir.

Segið þér ekkert, sem geti orðið til þess að spana hann upp; því að nú er hann að tala um, hvað gera eigi við okkur.»

»Hvar er hann?» spurði hersirinn.

»Þetta er Ali Wad Ibrahim; sami maðurinn sem fór ránsförina í fyrria og drap alla íbúana í núbiska þorpinn.»

»Eg hef heyrt á hann minst, sagði hersirinn. »Hann er alkunnur að því að vera hugaðastur og ofstækisfylstur af öllum foringjum kalfans. Guði sé lof að konurnar hafa ekki komist í klær hans.»

Arabarnir tveir höfðu borið saman ráð sín á þann óþýðlega hátt — eins og fáleikar væru með þeim —, sem tíður er með Suðurlandþjóðum, en öðrum þykir svo kynlegt að sjá. Nú sneru þeir sér báðir að túlkinn, sem enn kraup á kné á sandinum; þeir létu hverja spurninguna reka aðra og bentu á hvern eftir annan af bandingjum sínum. Svo báru þeir ráð sín saman af nýju, sögðu loks eitthvað við Mansoor og létu honum skiljast með fyrirlitlegri bendingu, að hann gæti skýrt hinum frá.

»Guði sé lof, herrar mínir! Nú held eg, að okkur sé óhætt fyrst um sinn, sagði Mansoor og þurkaði af sér sandinn, sem sat í svitanum á andlitinu á honum. »Ali Wad Ibrahim segir, að þó að vantrúaðir menn eigi einskis að njóta nema sverðsoddanna af hálfu sona spámansins, þá kunni samt að verða ábatavænlega fyrir hersveitir Omdurmans að fá gull það, er látið verði af hendi sem lausnargjald fyrir ykkur. Þangað til það kemur, getið þið unnið þrælavinnu hjá kalfanum, nema ef honum þóknast að drepa ykkur. Þið eigið að setjast á bak lausu úlföldunum og verða hinum samferða.»

Foringinn hafði beðið, meðan á þessum skilaboðum stóð. Nú skipaði hann eitthvað með fám orðum; svertingi kom fram úr hópnun og hélt á löngu, dökklitnu sverði. Túlkurinn ylfraði eins og héri, sem sér mörð, og fleygði sér aftur niður á sandinn eins og brjálaður maður.

»Hvað er nú um að vera, Cochrane?» spurði Cecil Brown; — því að hersirinn hafði verið í herþjónustu í Austurlöndum og var eini maðurinn í ferðamannahópnum, sem hafði ofurlitla hugmynd um tungu Araba.

»Eftir því, sem eg kemst næst, segir hann, að ekki sé til neins að halda túlkinn, því að enginn muni vilja gjalda neitt fyrir hann; og haun sé of feitlaginn til þess að nokkurt gagn verði að honum sem þræl.»

»Aumingja maðurinn!» sagði Brown. »Heyrið þér, Cochrane, segið þeim, að þeir skuli gefa honum grið. Við getum ekki látið það við gangast, að honum verði slátrað hér fyrir augunum á okkur. Segið þér þeim, að við skulum í samlögum útvega lausnargjaldið fyrir hann. Eg skal ábyrgjast hverja fjárhæð, sem mér er unt að standa skil á.»

Embætti. Héraðslækni í Miðfjarðarhéraði hefir landshöfðingi skipað í vor (15. maí) Björn G. Blöndal, prakt. lækni á Blönduós, frá 1. júní þ. á.

Frá sama tíma er Júlíus P. Halldórsson (í Klömburum) héraðslæknir í Blönduóshéraði.

Pétur Jónsson, bóndi á Gautlöndum og alþingismaður, hefir af landshöfðingi verið skipaður umboðsmaður yfir Norður-sýsluumboði frá fardögum þ. á.

Brynjólfur Þorláksson landsh. skrifari skipaður af landshöfðingja 27. f. mán. í söngkennslusýslanina við lærða skólann.

Skrifstofustjóri alþingis er nú dr. Jón Þorkelsson.

Vín og Vindlar

fæst ódýrast í verzluninni **NYHÖFN**, sérstaklega skal mælt með frönsku rauðvíni, sem selst fyrir 80 aura flaskan.

Proclama.

Hér með er samkvæmt skiftalögum 12. apríl 1878 sbr. opið bréf 4. jan. 1861 skorað á alla þá, er til skulda eiga að telja í dánarbúi síra Tómasar sál. Hallgrímssonar á Völlum, að koma fram með kröfur sínar og sanna þær fyrir undirrituðum skiftaráðanda innan 6 mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar. Erfingjar á byrgjast eigi skuldir búans.

Skrifst. Eyjafjarðarsýslu, 10. júní 1901.

Kl. Jónsson.

Proclama.

Með því að Jón bóndi Sveinsson í Staðartungu hefir framselt bú sitt til gjaldprotaskifta, þá er hér með samkvæmt skiftalögum 12. apríl 1878 sbr. opið hréf 4. janúar 1861 skorað á alla þá, er til skulda telja í nefndu búi, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiftaráðanda innan 6 mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Skrifst. Eyjafjarðarsýslu, 10. júní 1901.

Kl. Jónsson.

Undirritaður annast um sölu á Íslenzkum vörum og innkaup á útlendunum vörum.

Innkaupareikningar fylgja hverri vöruskrá.

Sýnishorn af erlendum vörum hefi eg, viðskiftavinum til hægðarauka við pantanir sínar. Svo og líka verðlista.

Hross annast eg um sölu á. Sömu-leiðis sauðfé, ef skipsfarmar bjóðast í tíma.

Þeir sem vilja senda út saltað sauðakjöt áminnast um að panta tunnur í tæka tíð.

Eg tek á móti pöntunum meðan eg dvel hér; annars sendast þær til mín í Kaupmannahöfn Gothersgade 135.

Reykjavík í júní 1901.

Jón Vídalín.

Tvífloftað hús í austurbænum er til sölu. Ritstj. visar á.

Barnaskóli

Stykkishólmshrepps.

Þeir sem kynnu að hafa hug á að sækja um aðalkenslutaríð við barnaskóla Stykkishólmshrepps, snúi sér skriflega til oddvita hreppsins fyrir lok júlímánaðar næstkomandi, og gefur hann nánari upplýsingar um kennarakaup o. fl.

Stykkishólmi 4. júní 1901.

Fyrir hönd hreppsfélagarinnar í Stykkishólmi.

Björn Steinþórsson.

oddviti.

Uppboðsauglýsing.

Samkvæmt ákvörðun skiftafundar 15. þ. m. í búi Gardarsfélagsins hér á Seyðisfirði, verður opinbert uppboð haldið á eignum nefnds félags hér í bænum fimtugadaginn 26. september næstkomandi og næstu eftirfarandi daga. Verða þar seldar:

Húseignir félagsins: 2 í-búðarhús, salthús og fiskihús samanbyggð; 2 skúrar á Búðareyri til niðurrifs; 3 samanbyggð íshús.

Hafskipabryggja með járnsporur.

5 stór fiskiskip með útbúnaði. Veidarfæri: botnvörpur nýjar og brúkaðar, botnvörpuslengur, bómur, botnvörpupokar, trawlböjur, kola-

net, síldarnet, línur og línubjód, trássur, strengir, dufl, kútar o. fl.

Húsbúnaður ymiskonar. Smíða-áhöld. Björgunarbelti. Saumur. Farfi. Hnifar. Timburruhl. Tómar tunnur. Járnbrautarklossar. 6 járnbrautarvagnar. Olfa. Tjara. Járnvara. Þakjárn. Ísmaskína með gufukatli. Hjólbörur. Rambúkki með tilheyrandi. Jarðyrkjjuverkfæri. Múrsteinn. Kol. Lúrukassar. Baðker. Stór eldavél. Stigar. Peningaskápur o. fl. o. fl.

Skjöl áhrerandi húseignirnar og skipin, svo og uppboðsskilmálar, verða til sýnis hér á skrifstofunni viku á undan uppboðinu, sem byrjar kl. 12 á hádegi fyrnefndan dag.

Gjaldfrestur langur.

Bæjarfógetinn á Seyðisf. 20. júní 1901.

Jóh. Jóhannesson.

Proclama.

Með því að Jón Jónsson Vestmann á Melum í Seyðisfjarðarkaupstað hefir strokið af landi burt sökum skulda og jafnframt óskað þess, að bú hans verði tekið til gjaldprotaskifta, þá er hér með samkvæmt lögum 12. apríl 1878 og opnu bréfi 4. janúar 1861 skorað á alla þá, er telja til skulda hjá honum, að koma fram með kröfur sínar og færa sönnur á þær fyrir skiftaráðandanum hér í sýslu áður en liðnir eru 6 mánuðir frá síðustu birtingu þessarar innköllunar.

Skrifst. Norður-Múlasýslu 4. júní 1901.

Jóh. Jóhannesson.

Nýkomnar myndir og kort Bræðraborgarstíg. nr. 3.

Þorsteinn Tómasson járnsmíður Lækjargötu 10, selur alls konar stangajárni og plötujárni með mjög vægu verði.

Fundur

í Kennarafélaginu.

Aðalfundur hins ísl. kennarafélags verður haldinn kl. 6 e. h. hinn 12. þ. m. í Iðnaðarmannahólinu.

Aðalumsæðuefni, eins og áður hefur verið auglýst:

Alþýðumentun hér á landi.

Alþingismenn velkomnir, þó að eigi séu þeir í Kennarafélaginu.

p. t. Reykjavík 9. júlí 1901.

Jón Þórarinnsson

p. t. forseti.

Verzlunin

„NYHÖFN“

hefur nú með Botniú fengið »Síróp« ásamt mörgu öðru.

Undirritaðar taka að sér alls konar þrjón með mjög vægu verði. Alt fljótt og vel af hendi leyst.

Vindheimur í Ölfusi, í júlí 1901.

Helga Sæmundsdóttir.

Vigdís Sæmundsdóttir.

T J A L D hæfilega stórt fyrir 7—8 menn óskast leigt; nánari upplýsingar gefur Jón Jónathansson, Kirkjustræti 4.

Verksmiðjan

á Alafossi tekur á móti ull til að vinna úr dúka.

Halldór Jónsson.

Ritstjórar: Björn Jónsson (útg. og ábm.) og Einar Hjörleifsson.

Isafoldarprentsmiðja